

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um einstaklinga með greindan hegðunarvanda eftir heilaskaða.

Frá Hönnu Katrínu Friðriksson.

1. Hversu margir einstaklingar eru með greindan hegðunarvanda eftir heilaskaða?
2. Telur ráðherra atferlistengda taugaendurhæfingu fyrir fólk með hegðunarvanda eftir heilaskaða falla undir lög nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, og vera þar af leiðandi á ábyrgð Sjúkratrygginga Íslands að tryggja þá þjónustu? Telur ráðherra að einstaklingur í slíkri endurhæfingu falli ekki undir viðmið fyrir fötlun eins og þau eru skilgreind samkvæmt lögum?
3. Hversu margir sérfræðingar í heilaskaða starfa hjá stofnunum sem heyra undir ráðuneytið?
4. Hvaða úrræði, ætluð fólki með hegðunarvanda eftir heilaskaða, eru í boði innan heilbrigðiskerfisins?

Skriflegt svar óskast.